

Stjórnarfundur STEFs 26. apríl 2023 / Fundargerð - útdráttur

Að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn þann 26. apríl 2023.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Eyþór Gunnarsson, Sigríður Thorlacius, Sigurður Flosason, Þuríður Jónsdóttir og Páll Ragnar Pálsson. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Þetta gerðist helst:

Páll Ragnar Pálsson var í upphafi fundar boðinn velkominn í stjórn STEFs, en hann er nýkjörinn formaður Tónskáldafélags Íslands og á því sjálfkrafa sæti í stjórninni. Farið var yfir nokkur praktísk mál í tengslum við stjórnarsetu hans.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 8. Mars sl. og útdráttur vöru lögð fram og samþykkt.
2. Kjör nýs varaformann stjórnar STEFs, í ljósi þess að varaformaður stjórnar lét nýverið af stjórnarsetu.

Lýst var eftir framboðum. Einungis Páll Ragnari bauð sig fram og var hann því sjálfkjörinn. Var jafnframt ákveðið að hann tæki sæti fyrrverandi varaformanns í stjórn *Samtóns* og í stjórn *Tónskáldaþjóðs Stöðvar 2 og Bylgjunnar*.

3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Bréf SFH til STEFs vegna verðskrárhækkunar, dagsett 9. mars 2023
- b) Yfirlit CISAC frá 2016.
- c) Andsvör RÚV fyrir úrskurðarnefnd, ásamt tveimur fylgiskjölum.

Í tengslum við yfirlitið til stjórnar var nokkuð rætt um framkvæmd *Íslensku tónlistarverðlaunanna*. Þeim ábendingum sem bárust verður komið á framfæri við framkvæmdastjórn verðlaunanna og stjórn *Samtóns*.

4. Átak í vörumerkjavitund – Ímynd STEFs – Könnun Gallup.

Lagðar fram spurningar sem Gallup mun leggja fyrir almenning, sem ætlað er að setja viðmið um þekkingu almennings á vörumerkinu „STEF“. Að loknu átakanu mun önnur svipuð könnun vera lögð fram til að meta árangurinn.

5. Verðskrá fyrir dansskóla (frh. af fyrri umræðu).

Minnisblað lagt fram. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu málsins. Í framhaldinu samþykkti stjórn þær tillögur til breytinga á verðskrá fyrir dansskóla sem fram koma í minnisblaðinu. Var skrifstofu STEFs falið að innleiða þær.

6. Sjálfsmat stjórnar.

Niðurstöður sjálfsmats 2023 lagðar fram. Ákveðið var að fresta umfjöllun um þetta mál þar til á næsta fundi og leggja þá upp með að fá inn fleiri svör.

7. Undirbúningur aðalfundar fulltrúaráðs.

Fundarboð fulltrúaráðs lagt fram og rætt um dagskrá fundarins.

8. Undirritun starfsreglna stjórnar STEFs.

Starfsreglurnar voru lagðar fram og undirritaðar af öllum stjórnarmönnum.

9. Tillögur að fundartímum út árið.

Farið yfir fundartíma út árið.

10. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.